

## **Stjórnarfundur SK haldinn í K-húsinu 09.04.2008 kl.19.00**

Mættir: Guðmundur, Guðrún, Júlíus, Sigríður, Sigurbjörg, Falur og Lilja.  
Þórhildur gat ekki mætt.

### **1.mál Fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar. Vistuð á heimasíðu SK, rætt og samþykkt.

### **2. mál Meðhöndlun sundsjóðs, áframhaldandi umræða**

Sú tillaga kom upp að rýmka reglur þannig að það má færa sundsjóð á milli systkina 100% og nota má sundsjóð fyrir málefni sem tengist félaginu. Ekki mun vera hægt að fá sundsjóð borgaðan út í peningum.

Þar sem reglur sjóðsins komi fram á heimasíðu komi einnig fram markmið og tilgangur sjóðsins.

### **3.mál Undirbúningur fyrir næsta sundtímabil**

Ljóst er að Óðinn verður með AMÍ 2009. Ákveðið að bera undir sameiginlegan funda að ÍRB sæki um að halda AMÍ 2010. Einnig lagt til hafa nýtt stutt mót undir merkjum ÍRB á næsta tímabili.

Þjálfaramál rædd.

### **4.mál Bókhald og fjármál sunddeildar, umræður og leiðir til einfölfunar**

Einar formaður Keflavíkur hafði samband við Guðmund og tilkynnti honum að hann væri tilbúinn að halda bókhald okkur að kostnaðarlausu. Einföld leið til að minnka álagið á stjórnarmeðlimi. Aðalstjórn er tilbúin að koma á fund með okkur og kynna okkur þessar leiðir sem og að ræða almennt um starfið.

### **5.mál Yfirfara skráningar í Felix**

Þórhildur er að vinna í að yfirfara skráningar og mun ljúka því innan fárra daga.

### **6.mál Foreldraráð**

Rætt um möguleikan að hafa formlegri ramma um störf foreldra, þ.e.a.s. formlegra foreldraráð. Gott væri að hafa foreldra frá hverjum hópi, sem væri í góðu sambandi við þjálfara.

### **7.mál Tímasetja næsta fund, þar sem aðalstjórn Keflavíkur verður boðið í heimsókn**

Sú tillaga kom að sá fundur yrði 29. apríl n.k.

Fundi slitið kl.20.00

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur 29. apríl

Ritari: Guðbjörg Lilja Jónsdóttir